

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**716. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 10. október 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf frá skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
2. Bréf Helgu Sigurhansdóttur.
3. Bréf Reykjaeigna ehf.
4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Bréf frá fjárlaganefnd Alþingis.

**Afgreiðslur:**

1. Fram lagt bréf skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra þar sem óskað er eftir heimild til að ráða stuðningsfulltrúa við skólann í 80% starf til og með 31. maí 2012 með þó möguleika á fastráðningu. Byggðarráð samþykkir erindið.
2. Bréf Helgu Sigurhansdóttur lagt fram en í bréfinu óskar hún eftir að taka ársleyfi frá starfi sínu við Iðju þ.e. frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2013. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
3. Lagt fram bréf Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur f.h. Reykjatanga ehf. þar sem kynnt er hugmynd að byggingu baðlaugar á Reykjatanga. Óskað er eftir afstöðu landeigenda þ.e. Húnaþings vestra til framkvæmdarinnar. Byggðarráð lýsir ánægju með frumkvæðið og gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við áform Reykjatanga ehf. um byggingu baðlaugarinnar.
4. Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög í landinu eru hvött til að standa fyrir fundum um jafnréttismál 24.-29. október nk. í tilefni íslenska kvennafrídagsins þann 24. október nk. Samþykkt að byggðarráð taki jafnréttismál til umfjöllunar á fundi sínum þann 24. október nk.
5. Bréf Fjárlaganefndar Alþingis lagt fram en þar er fulltrúum sveitarfélaga boðið til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2012. Fundirnir eru áætlaðir 14. október og 4. nóvember nk. Samþykkt að óska eftir fundi 4. nóvember nk.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:38

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.